



## Reglur um niðurgreiðslu Sveitarfélagsins Skagafjarðar á daggæslu í heimahúsum og um foreldragreiðslur.

1. Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir niður dagvistun barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum þegar barnið á lögheimili í sveitarfélaginu og/eða foreldrar eru námsmenn með aðsetur í öðru sveitarfélagi og nýta sér daggæslu í heimahúsi þar.
2. Dagmóðir verður að hafa leyfi samkv. reglugerð nr. 907/2005.
3. Við upphaf daggæslunnar skal sótt um niðurgreiðslu sbr. á þar til gerðum eyðublöðum gegnum íbúagátt sveitarfélagsins. Umsóknareyðublöð er einnig hægt að nálgast í afgreiðslu Ráðhúss Skagafjarðar og hjá dagforeldrum í Skagafirði.  
Umsóknir um foreldragreiðslur skv. 10. gr. skal senda gegnum íbúagátt.
4. Allir foreldrar þurfa að endurnýja umsókn um niðurgreiðslu í september ár hvert og/eða ef mánaðar hlé eða lengra verður á gæslunni, ef skipt er um dagforeldri eða ef gæslutími breytist.
5. Daggæslugjöld eru greidd niður 11 mánuði ársins Ekki er niðurgreitt fyrir börn sem eru í leikskólum og dvelja í daggæslu yfir sumartímann.
6. Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki 8 tíma daglega. Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er kr. 293- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 51.491- á mánuði og fyrir foreldra sem eru einstæðir eða báðir í námi er upphæðin kr. 368- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 64.922- á mánuði. Niðurgreiðsla verður þó aldrei hærri en sem nemur mismun á heildargjaldi vistunar hjá dagforeldri og í leikskóla (gæsla, kostnaður og fæði).
7. Foreldrar staðfesta umsáminn dvalartíma með undirskrift sinni á skráningareyðublöð eða á reikning frá dagforeldri. Kvittun frá viðkomandi dagforeldri, þarf að berast til Fjölskyldusviðs fyrir 20. dags hvers mánaðar.
8. Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki leitað þeirra. Fjölskyldusvið veitir upplýsingar um skilyrði niðurgreiðslna og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veitir umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna. Umsækjandi skal gefa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðreyna megi rétt hans.
9. Systkinaafsláttur er samtengdur milli daggæslu hjá dagforeldri, leikskóla og/eða skólavistun, skv. gjaldskrá leikskóla/Árvistar. Til að njóta systkinaafsláttar þurfa

börnin að vera skráð á kennitölu sama greiðanda og með sameiginlegt lögheimili.

10. Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir börn í daggæslu fram að þeim tíma er barni býðst leikskólapláss:
  - Niðurgreiðsla hefst um mánaðamót eftir 9 mánaða aldur barns. Undantekning frá þessu eru börn einstæðra foreldra og foreldra þar sem báðir aðilar eru í fullu námi. Þá getur niðurgreiðsla hafist um mánaðamót eftir 6 mánaða aldur barns, enda liggi fyrir að barn njóti ekki fæðingarorlofs foreldra í 9 mánuði samtals. Taki foreldrar samtímis út fæðingarorlof hefst greiðsla engu að síður við mánaðamót eftir 9 mánaða aldur.
  - Hafni foreldrar leikskólapláss fyrir barn sem orðið er 18 mánaða helmingast niðurgreiðslan og fellur að fullu niður eftir 24 mánaða aldur barnsins.
  - Ef um sérstakar félagslegar eða heilsufarslegar aðstæður er að ræða er hægt að sækja um undanþágu frá ofangreindum aldursmörkum til félags- og tómstundaneftndar.
  - Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Ákvörðun um tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er í höndum félagsmálastjóra.
  - Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma þess barns sem lengstan vistunartíma hefur í daggæslunni. Ef börn dagforeldra eru í leikskóla dregst dvalartíminn þar frá.
  
11. Foreldrar geta sótt um foreldragreiðslur ef þeim stendur hvorki til boða pláss hjá dagforeldrum né í leikskóla. Foreldragreiðslur eru greiddar eftir á, frá fyrstu mánaðamótum eftir að barn nær 9 mánaða aldri. Undantekningu má veita vegna barns einstæðra foreldra og barns foreldra sem báðir eru í fullu námi sem ekki nýtur 9 mánaða fæðingarorlofs, sbr. 10. gr., og þar til barninu stendur pláss í daggæslu/leikskóla til boða. Að hámarki eru greiðslurnar inntar af hendi í 11 mánuði á ári. Foreldragreiðslur skulu nema sömu upphæð og sveitarfélagið greiðir dagforeldrum með hverju barni sem þar dvelur. Að öðru leyti gilda reglur um niðurgreiðslu í heimahúsi m.a. um almennt gjald, sérgjald og systkinaafslátt. Foreldragreiðslur falla niður ef foreldrar hafna tilboði um daggæslu eða leikskólavist fyrir barn sitt. Ákvörðun starfsmanna um niðurfellingu er heimilt að skjóta til félags- og tómstundaneftndar sem metur málefnalegar forsendur foreldra fyrir að hafna tilboði um gæslu/leikskólavist.
  
12. Dagforeldrum eru tryggðar niðurgreiðslur sem svarar þremur börnum kr. 64.922, - á mánuði vegna þriggja barna í 11 mánuði á ári. Greiðslur þessar falla niður ef dagforeldrar sem hafa laus pláss synja börnum um vistun. Félags- og tómstundaneftnd tekur ákvörðun um slíka niðurfellingu tryggingar.

13. Veiti aðilar rangar upplýsingar um hagi sína eða tímaskráningu barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum eða foreldragreiðslu getur það leitt til að greiðslur skv. reglum þessum falli niður og/ eða til sviptingar leyfis til daggæslu.
14. Félags- og tómstundanefnd getur samþykkt frávík frá þessum reglum í einstökum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og fyrir liggur faglegt mat fjölskyldusviðs.
15. Félagsmálastjóri tekur ákvarðanir um greiðslur samkvæmt reglum þessum að höfðu samráði við sviðsstjóra. Synjun að hluta eða öllu leyti skal tilkynnt umsækjanda skriflega með rökstuðningi. Umsækjandi getur skotið ákvörðun hans til félags- og tómstundanefndar sveitarfélagsins og skal það gert innan fjögurra vikna frá móttöku svarbréfs. Ákvörðun félags- og tómstundanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð hin kæránlega ákvörðun.